

HAFNARREGLUGERÐ**fyrir Ísafjarðarkaupstað.**

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 34, 19. júní 1922, sbr. lög nr. 88, 3. maí 1935, gefið út svo hljóðandi hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað:

I. KAFLI**Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásum á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram firðinum.

II. KAFLI**Stjórn hafnarinnar.****2. gr.**

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirmumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Oddviti bæjarstjórnar er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

22

1. apríl

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmaett erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavel skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slikt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með hans leyfi.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annara skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnsögumans eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumans eða starfsmönnum hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Í sérhverju skipi (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skýlt er að hafa tryggar hlifar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélaskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hættu af því.

Ekki má hleypta vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipað burt á kostnað eiganda og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

22

1. apríl

Um notkun hafnarbryggjunnar.

15. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að vikja meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarstjóra, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur getur hafnarstjóri vísað skipum frá bryggjunni, álitni hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annarsstaðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarstjóri vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp, ef það sekkur eða láta sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skyld er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum þegar hafnarstjóri krefst þess.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi á höfninni.

VII. KAFLI

Um lestargjald.

22. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm, eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum sem síðar getur.

23. gr.

- a) Skip 12 smálesta og stærri, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald (hafnargjald) einu sinni á ári, 50 aura fyrir hverja brúttó smálest.
- b) Önnur innlend fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiða 15 aura fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti er þau koma til hafnar. Þó ekki minna en 2 kr. og ekki meira á ári en 1 kr. fyrir hverja brúttó smálest.
- c) Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, vitaskip ríkisjóðs, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip, sem eru gerð út til

vísindalegra rannsókna, skip, sem sanna fyrir sjórétti að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda, skulu greiða 20 aura lestargjald fyrir hverja nettó smálest. 22
1. apríl

- d) Ef skip, sem siglir eftir fyrirfram auglýstri áætlun, kemur aftur áður en 7 dagar eru liðnir frá því það hafnaði sig síðast á höfninni, greiðir það eigi lestargjald í það skiptið.

24. gr.

Hafi skip legið á höfninni í 14 daga, skal greiða hálf tlestargjaldið að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur þá er skip liggja í höfn vegna þess, að hafis lokar henni.

VIII. KAFLI

Um ljósgjald.

25. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestar-gjald greiða, skulu greiða ljósgjald þannig:

- Skip, sem getur um í 23. gr. a), greiði 5 krónur á ári.
- Skip, sem getur um í 23. gr. b), greiða 2 krónur í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó ekki yfir 15 kr. á ári.
- Öll önnur skip greiða einn eyri fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei meira en 2 krónur í hvert skipti.

IX. KAFLI

Um bryggjugjald.

26. gr.

- a) Gjald af bryggju bæjarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggju-gjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálf-um sólarhring, 4 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn, eða 1 krónu af bruttó smálest í eitt skipti fyrir öll á ári.

Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

- b) Gjald af bryggjum og geymsluskípum einstakra manna:

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskípum, eða öðrum fiskiskípum, meðan þau reka fiskveiðar frá Ísafirði og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningaskip, og önnur gjaldskyld skip, greiða samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs hálf t bryggjugjald.

Framangreindar reglur gilda einnig um skip þau, er liggja við geymslu-skip.

X. KAFLI

Um notkun bátahafnarinnar.

27. gr.

Sérstakt árlegt gjald skal greiða fyrir notkun bátahafnarinnar. Skal það vera sem hér segir:

- a) Vélbátar, skrásettir á Ísafirði, undir 12 smálestum brúttó, greiði kr. 10.00.
- b) Vélbátar, skrásettir á Ísafirði, 12 smálestir brúttó eða stærri, greiði kr. 1.00 af hverri smálest.
- c) Trillubátar og aðrir bátar, er engin smáskipagjöld greiða í hafnarsjóð, greiði kr. 10.00.
- d) Vélbátar, skrásettir utan Ísafjarðar, undir 12 smálestum brúttó, greiði kr. 15.00.
- e) Vélbátar, skrásettir utan Ísafjarðar, 12 smálestir brúttó eða stærri, greiði kr. 1.25 af hverri smálest.

Það telst gjaldskyld notkun ef bátur leggst einu sinni við festar á bátahöfninni.

Gjald þetta innheimtist á sama hátt og önnur hafnargjöld og rennur í hafnarsjóð.

28. gr.

Við gjaldskylda notkun bátahafnarinnar er skilið það, að bátar eða skip leggist við landfestar í höfninni, eða utan á önnur skip, leggi þar upp afla sinn eða flutning, eða taki þar um borð flutning, veiðarfæri, olíu, beitu o. s. frv. Bátar, er nota höfnina, hafa leyfi til að hafa flutning sinn eða annað það, er þeim tilheyrir, liggjandi á landi hafnarinnar allt að einum sólarhring, án þess að greiða sérstakt gjald fyrir, þó því aðeins, að hafnarstjóri eða trúnaðarmaður hans telji það eigi til ógreiða fyrir aðra notkun hafnarinnar.

Sé um geymslu eða aðra verkun á afla að ræða, svo sem síldarsöltun, fiskverkun eða annað þess háttar, greiðist fyrir það sérstakt gjald, er hafnarnefnd ákveður. Við alla notkun bátahafnarinnar eru notendur skyldir að hlýða fyrir-mælum hafnarstjóra eða trúnaðarmanns hans, svo sem um færslu og legu skipa og báta í höfninni, svo og hvar flutningur þeirra og afli er lagður á land. Ennfremur um geymslu á afla eða flutningi á landi hafnarinnar o. s. frv.

Notendum er einnig skylt að gæta alls þrifnaðar við notkun hafnarinnar, og ber þeim að flytja burtu allan fiskúrgang og önnur óhreini, er berast kunna á land hafnarinnar af þeirra völdum.

Um vanrækslu á þessu gilda ákvæði 18. gr. þessarar reglugerðar.

XI. KAFLI

Um hafnsögu.

22

1. apríl

29. gr.

Öll skip, sem eru að stærð 30 smálestir brúttó eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á árinu, er þau koma frá útlöndum, og leggjast við festar innan takmarka Ísafjarðarhafnar.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru þó öll herskip og varðskip, skemmtiskip og fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

Komi skip oftár á sama ári, og fari ekki nema á ytri höfnina, skal það eigi greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann. Innri höfnin er Pollurinn og Sundin innan við Kaldáreyri.

30. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Ísafjarðar og ber að nota hafnsögumann, skal, er það kemur inn í línu, er hugsast dregin úr Arnardal í Velli, gefa merki um, að það óski hafnsögumanns, og skal þá hafnsögumaður fara út í skipið svo fljótt sem unnt er.

Ekki má hafnsögumaður yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrri en það er lagst við festar á höfninni, enda ber skipinu að sjá honum fyrir fæði meðan hann dvelur um borð.

31. gr.

Ekkert skip, sem stærra er en 30 smálestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, eða flytja sig til á innri höfninni, nema undir stjórn hafnsögumanns. Undanþágu frá þessu getur þó hafnarstjóri veitt öllum fiskiskipum, er heima eiga á Ísafirði eða stunda þaðan veiðar.

Hafnsögumanni er heimilt að hanna allar samgöngur við skip, áður en hann hefir lokið starfi sínu um borð.

Ef sjúkdómur er á skipinu, eða ástæða er til að ætla, að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að um borð í skipinu sé fylgt reglum þeim, sem settar eru í lögum gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

32. gr.

Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar. Hafnarsjóður leggur til hafnsögubát og önnur nauðsynleg tæki, svo og aðstoðarmann, ef þörf er á.

33. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, af nettó smálest:

A. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar:

a) Farþegaskip, sem sigla eftir föstum áætlunarferðum:

22

1. apríl

Fyrir skip allt að 100 smál. kr. 15.00.

— — frá 100 til 1000 smál. kr. 20.00.

— — — 1000 smál. og þar yfir kr. 25.00.

b) Flutningaskip og önnur skip:

Fyrir skip allt að 100 smál. kr. 15.00.

— — frá 100 til 200 smál. kr. 20.00,

— — — 200 til 400 smál. kr. 25.00,

— — — 400 til 700 smál. kr. 30.00,

— — — 700 smál. og þar yfir kr. 35.00.

B. Fyrir leiðsögu frá höfninni:

Sama gjald sem getur um í staflið A.

C. Fyrir færslu skipa um höfnina greiðist kr. 10.00 í hvert skipti.

Allt hafnsögugjald rennur í hafnarsjóð.

XII. KAFLI

Um vörugjald.

34. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

35. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

36. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c) Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- d) Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

37. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki

hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á 22 þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var 1. apríl gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

38. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

39. gr.

V ö r u g j a l d s s k r á .

a. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.:
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg.:
Allskonar vefnaðarvörur, skófatnaður, leirvörur, glysvarningur, tóbak, eldspýtur og þesskonar léttar vörur. — Allskonar ávextir, vínföng, lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd (ekki sykur).
3. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 150 kg. nettó:
Steinolía og aðrar oliur.
5. flokkur. Gjald 2 aurar fyrir tunnu:
Tómar tunnur, uppsettar og óuppsettar.
6. flokkur. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður.
7. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

b. Brotfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg.:
Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.
2. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.:
Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir tunnu:
Kjöt.
4. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir tunnu:
Síld.

22
1. apríl

5. flokkur. Gjald 2 aurar fyrir hvert teningsfet:
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir stykkið:
Hestar og nautgripir.
7. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir stykkið:
Kindur.

Þó skal lægsta gjald í öllum flokkum af að- og brottfluttum vörum aldrei minna vera en 10 aurar, en aldrei tekið tvisvar gjald af sömu vöru. Hafnarnefndinni heimilast að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá bænum í smærri stíl.

XIII. KAFLI

Um ýms gjöld til hafnarinnar.

40. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 5 auru af hverri smálest af nettóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem eiga heima á Ísafirði.

41. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi á höfninni samkvæmt 20. gr., greiði eigandi árgjald 20 auru af brúttó smálest.

42. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 2 auru fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

43. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum, um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

44. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert sinn.

45. gr.

Vélbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiða sem hafnargjald, bryggju-gjald og ljósgjald 5 krónur í hvert skipti, sem þeir koma til hafnar, eða 15 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Vélbátar, sem eiga heima á Ísafirði, greiða 10 kr. árlegt gjald.

Undanþegnir þessu gjaldi eru bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

XIV. KAFLI

22

1. apríl

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

46. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

47. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annara gjalda, sem skipum ber að greiða.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjald-dagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

48. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 42. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Leigu samkvæmt 43. gr. greiðir sammingsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

49. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XV. KAFLI

Ýms ákvæði.

50. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af þremur óvillhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðilja um sig er hemilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður sé liðinn frá því að mats-

22 gerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm óvillhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

1. apríl

51. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

52. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lög-reglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

53. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

54. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri refsing liggi við, samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Ísafjarðar.

55. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

56. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 27. júní 1929, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bág við reglugerð þessa.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Afvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.